

629. fundur haldinn mánudaginn 16. júlí 2001 kl. 12:00
Strandgata 29, Skrifstofa Ferðamálaráðs á Akureyri

Mættir:

Tómas Ingi Olrich, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Anna Sverrisdóttir, varafulltrúi SAF
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Kristján Þór Júlíusson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

1. Fundargerð síðasta fundar.

Afgreiðsla: Samþykkt með breytingum

2. Stutt kynning á starfsemi Ferðamálaráðs.

Ferðamálastjóri kynnti starfsemi Ferðamálaráðs og stöðu ýmissa mála .

3. Opnun ferðaþjónustufyrirtækja um hátíðar.

Steinn Lárusson vakti athygli á opnun ferðaþjónustufyrirtækja um hátíðar og taldi að nokkuð skorti á að næg þjónusta væri á þessum tímum.

Afgreiðsla: Samþykkt var að setja saman vinnuhóp og óska eftir tilnefningu frá SAF og Reykjavíkurborg. Hópurinn kanni sérstaklega hvort gildandi lög og reglugerðir hindri eðlilega þjónustu til ferðamanna á hátíðum.

4. Bréf frá SAF vegna framkvæmdar funda Ferðamálaráðs í vor.

Bréfið kallar ekki á neinar aðgerðir af hálfu ráðsins.

5. Vestnorden ferðakaupstefnan.

Ferðamálastjóri kynnti stöðu mála varðandi kaupstefnuna sem er á Grænlandi 19. september nk. Þá kynnti formaður undir þessum lið einnig hugmyndir um sameiginlega upplýsingamiðstöð Vestnorden landanna í Bryggjuhúsinu í Kaupmannahöfn, sem ráðgert er að opna 2003.

6. Samningur um prentun kynningarbæklings Ferðamálaráðs fyrir árið 2002

Ríkiskaup leitaði tilboða í umrætt verk og lagt er til að tekið verði lægsta tilboði.

Afgreiðsla: Samþykkt að ganga til samninga á grundvelli lægsta tilboðs í verkið.

7. Önnur mál.

a) Pétur Rafnsson lagði fram bréf frá Ferðamálasamtökum Íslands, þar sem ítrekað er mikilvægi þess að við umsókn fyrirtækja í ferðaþjónustu um þátttöku í upplýsingahandbók sé það tekið skýrt fram að til þess að fá skráningu í upplýsingahandbók fyrir upplýsingamiðstöðvar og á vefsíður ráðsins sé ekki tekið neitt gjald.

b) Pétur Rafnsson lagði fram tillögu um að Ferðamálaráð sendi inn athugasemdir vegna umhverfismats á Villinganesvirkjun í Skagafirði.

Afgreiðsla: Ákveðið að setja niður vinnuhóp sem í sætu Pétur Rafnsson, Hjalti Finnsson og fulltrúi SAF. Hópurinn geri tillögu að athugasemd,sem send verði ráðsmönnum áður en hún verði send Skipulagsstofnun.

c) Umræður urðu um Handbók ferðaþjónustunnar,sem nú er gefin út tvisvar á ári. Samþykkt var að kanna hvort ekki sé nægjanlegt vegna þess að sömu upplýsingar eru nú á vefnum að gefa prentuðu útgáfuna út einu sinni á ári.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:00